

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (reglugerðarheimild) - 303. mál.

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér innleiðingu reglugerðarheimildar til handa efnahags- og viðskiptaráðherra í lög um einkaleyfi.

Viðskiptaráð gerir ekki sérstakar athugasemdir við ofangreint frumvarp sem felur í sér skýrari ákvæði um reglugerðarheimild ráðherra vegna gjalddöku Einkaleyfastofnunar. Skýrleiki ákvæða er mikilvægur svo framkvæmd sé í samræmi við vilja löggjafans. Það skortir þó nokkuð uppá frekari greinargerð með frumvarpinu, til að mynda er ekki skýrt hvort hér sé útvíkkun á gjaldheimtu að ræða. Einnig kemur ekki fram í greinargerð af hverju heimild til að ákveða í reglugerð að ekki verði greitt árgjald sé látin niður falla.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands